

Ungmennaráð Múlapings 2023

Niðurskurður sem varðar ungmenni í sveitarfélaginu

Góða dag kæra sveitastjórn við viljum byrja á því að þakka ykkur fyrir að taka tíma til að koma hingað og hlusta á það sem við höfum að segja.

Við ætla að tala um niðurskurð sem varðar ungmenni í sveitarfélaginu.

Eins og þið eftir laust vitið þá hefur verðbólga aukist gríðarlega mikið hér á landi eins og út um allan heim. Þar sem ekki eru til endalausir peningar inna sveitafélagsins skiljum við að á verðbólgu tímum þurfi að skera niður kostnað til að halda sveitarfélaginu gangandi.

En við ætlum að taka fram nokkur atriði sem okkur finnst ekki mega skera niður sem varða ungmenni inna sveitafélagsins.

Númer 1 Félagsmiðstöðvar, það oft farið fljót í þá átt að skera niður kostnað sem fer í að halda félagsmiðstöðvum gangandi þar sem sveitfélög er ekki skyldug til að halda úti þeim rekstri. Oft er byrjað á að fækka starfsmönnum sem að búa yfir mikilli reynslu og eru jafnvel búin að mennta sig í málefnum tengdum ungmennum. Öflugar félagsmiðstöðvar spila alveg gríðarlega mikinn þátt í félagslegum þroska ungmenna og eru mikilvægur partur í forvarnar starfi.

Númer 2 eru íþróttastyrkir, íþróttir og hreyfing eru mikilvægar fyrir alla og þá séstaklega börn. Íþróttirnar ýta undir hreysti og heilsu ásamt því að vera einnig stór partur af félagslegum þroska. Íþróttir fyrir börn eiga samt að vera númer 1 skemmtilegar, númer 2 passlega krefjandi og númer 3 lærdómsríkar. Hér að austan getur það oft reynst erfiðara en til dæmis á höfuðborgarsvæðinu.

Ungir krakkar eru farnir að spila mun fyrir upp fyrir sig og jafnvel farin að spila með Meistaraflokki aðeins 15 ára gömul. Þetta setur náttúrulega mikla pressu á einstaklinginn sem getur valdið miklum vanlíðan og skaðað sjálfsmynd.

Við erum með uppástungum á möguleika sem þið kæra sveitastjórn getið komið inn. Hún felst í því að sett yrði skilyrði á þau íþróttafélög sem sækjast eftir styrkjum, að þjálfara þurfi að fara á fræðslu um allskyns vandamál sem geta fylgt íþróttinni eins og t.d einelti, of mikil pressa á

iðkenndur, lágt sjálfsmat eða meiðsli, þar með geta iðkenndur leitað til þeirra og þjálfararnir eru undirbúnir og vita hvað er hægt að gera í stöðunni. Okkur finnst þetta einnig mjög mikilvægt þar sem mikið af ungum einstaklingum eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfun og vita ekki endilega hvað þau eiga að gera þegar einhvers konar vandamál koma upp.

Síðan höfum við líka margar spurningar varðandi hvernig þið sjáið fyrir ykkur að haga íþrótt- og æskulýðsdeild, það sem tvær virkilega öflugar konur eru að hætta störfum innan þess, þar að segja þær Bylgja Borgþórs og Vigdís Diljá sem hafa báðar verið mjög mikilvægar í allri vinnu ungmennaráðsins. Langar okkur að vita hvað þið sjáið fyrir ykkur að yrði gert, er nokkuð stefna hjá ykkur að nýta þetta sem niðurskurð?

Hver er að fara að taka við ungmennaráðinu? forvaranmálum? Íþróttamálunum öllum? Eru þessi verkefni að fara að færast á verkefnalistann hjá einhverjum ördum innan sveitafélagsins sem hefur nóg annað að gera, því ég vil ítreka að þessi verkefni eru ekki einhvers konar auka mál því ef þau eru vanrækt mun það bara auka og jafnvel búa til önnur vandamál innan samfélagsins.

Númer 3 er skíðasvæðið, það felst auðvitað mikil kostnaður í að halda upp skíðasvæðinu og ekki mikill gróði kemur á móti. Okkur finnst samt mikilvægt að inni í okkar samfélagi sé mikil fjölbreytin og að það sé eitthvað sem að hentar öllum. Það þýðir að ekki megi draga úr aðstöðu fyrir þá einstaklinga sem hafa áhuga á að stunda/æfa skíði rétt eins og hverja aðra íþrótt innan samfélagsins. Þess vegna viljum óskum við eftir því að ungmennaráð sé haft með í ráðum tengt skíðasvæðum.

Síðan að lokum langar mig að minna ykkur á að við ungmennin í sveitafélaginu erum komandi atkvæðagreiðendur og því gott fyrir ykkur að vera sýnilegri og sýna fram á að hlutir sem varða okkur skipti ykkur einnig máli. Því ég skal lofa ykkur, að því verður ekki gleymt.

Hérna var ég búin að taka niður nokkrar spurningar sem við viljum fá svör við.

1. Hvar sjáið þið fyrir ykkur að draga þurfi úr kostnaði sem varðar ungmenni innan sveitarfélagsins (t.d í skólum, styrki í íþróttafélög, skíðasvæði eða félagsmiðstöðvum o.s.f) þar að segja ef svo þarf.

2. Hver er ykkar forgangsröðun þegar kemur að ungmennum inna sveitarfélagsins og hvað eru þið að gera til að styðja við þá forgangsröðun (t.d ef forgangurinn er menntun, hvað er verið að gera til að styrkja skólakerfið)

3. Hver er áætlunin fyrir skíðasvæðið? Þar sem mikil kostnaður fer í að reka það stefnið þið eitthvað á að minka aðgengi almennings að því?

4. Bónus spurning - Hver er að fara að taka við ungmennaráðinu? forvarnamálum? Íþróttamálunum öllum?

Karítas Mekkín Jónasdóttir og Björg Gunnlaugsdóttir